

**62. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 6. mars 2018 og  
hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Gunnar Jónsson varaformaður, Kristín Hálfðánsdóttir aðalmaður, Gísli Elís Úlfarsson aðalmaður og Hildur Dagbjört Arnardóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Hálfdán Bjarki Hálfðánsson, upplýsingafulltrúi, Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Hálfdán Bjarki Hálfðánsson, upplýsingafulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Ruslahreinsun á Hornströndum - 2018020088**

Lagt fram erindi Gauta Geirssonar, dags. 19. febrúar, f.h. Hreinna Hornstranda þar sem óskað er eftir aðkomu Ísafjarðarbæjar að ruslahreinsun á Hornströndum. Bæjarráð tók erindið fyrir á 1007. fundi sínum 26. febrúar sl., og vísaði því til umhverfis- og framkvæmdanefndar. Þann 28. febrúar barst annar póstur frá Gauta, ásamt minnisblaði, með leiðréttri dagsetningu ruslahreinsunarinnar, og er hann lagður fram hér.

*Nefndin fagnar framtakinu og hvetur aðstandendur til áframhaldandi góðra verka.*

**2. Vegvísir í þéttbýli - 2018020013**

Lagðar fram athugasemdir frá Íbúasamtökunum Átaki á Þingeyri varðandi vegvísi í bænum.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. Úttekt frárennislagna 2016 - 2016110066**

Lögð fram úttekt á frárennislögnum í Ísafjarðarbæ.

*Nefndin fagnar skýrslunni og felur sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs að vinna að forgangsröðun verkefna og leggja fyrir fund nefndarinnar.*

**4. Sorpmál 2018, eftirlit Gámaþjónustunnar - 2018010004**

Kynnt minnisblað Juris slf. dags. 1. mars 2018 um sorpflokkun í Ísafjarðarbæ.

*Kynnt.*

**5. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og**

**menningarlegum minjum - 2017010114**

Lagður fram tölvupóstur Karls Björnssonar f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsettur 1. mars sl., ásamt erindi þar sem komið er á framfæri samþykkt stjórnar sambandsins frá 23. febrúar 2018, með hvatningu til sveitarstjórna o.fl. um að kynna sér drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og senda umsögn um drögin ef talið er tilefni til. Bæjarráð tók erindið fyrir á 1008. fundi sínum 5. mars sl. og vísaði til nefndarinnar.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:20**

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Gunnar Jónsson

---

Kristín Hálfhánsdóttir

---

Gísli Elís Úlfarsson

---

Hildur Dagbjört Arnardóttir

---

Hálfhán Bjarki Hálfhánsson

---

Ralf Trylla

---

Brynjar Þór Jónasson